

Leiðbeiningar um verkefni

4. SUMIR TÓBAKSFRAMLEIÐENDUR ERU FARNIR AÐ ÁTTA SIG (MYNDBAND)

Sýndu myndbandsbút nr. 2 þar sem við heyrum í syni eins umsvifamesta tóbaksframleiðanda í heimi. Patrick Reynolds hefur selt öll hlutabréf sín í fyrirtæki föður síns og eru það viðbrögð hans við þeirri staðreynd að ættingjar hans hafa hrunið niður af völdum reykinga. Eftir að þetta viðtal var tekið upp lést eldri bróðir Patricks, R.J. Reynolds III. og var banamein hans lungnaþemba af völdum reykinga.

5. HEIMAVERKEFNI KYNNT

Hvettu nemendur til að safna saman öllum þeim upplýsingum sem þeir mögulega geta fundið um skammtímaáhrif reykinga. Komdu þeim á sporið með dæmisögu um jafnaldra þeirra eða 9. bekkling sem hefur reykt í 6 mánuði eða eitt ár og hvaða áhrif það hefur haft á útlit hans, líkamlegt atgervi, félagsstöðu og fjárhag. Upplýsingar um skammtímaáhrif reykinga er að finna í leiðbeiningum um 6. kennslustund.

Að þessu sinni er ekki verið að tala um langtímaáhrif. Við biðum með þá umræðu þar til í 9. bekk.

Láttu bókasafnsfræðing, skólahjúkrunarfræðing og tölvukennara vita af því að þau eigi von á fyrirspurnum frá nemendum. Bókasafnsfræðingur gæti til dæmis verið tilleiðanlegur að taka saman helstu heimildir um skammtímaáhrif reykinga.

Heimaverkefni – 5. kennslustund

ÁHRIFA REYKINGA GÆTIR STRAX

Safnaðu saman öllum þeim upplýsingum sem þú getur fundið um skammtímaáhrif reykinga.

Hugsanlegar heimildir:

- Punktur úr viðtölum sem tekin voru eftir 1. kennslustund (e.t.v. sérstaklega viðtölin við fyrrverandi reykingamenn)
- Foreldrar
- Gögn á bókasafni
- Fólk úr heilbrigðisstéttum, t.d. skólahjúkrunarfræðingur
- Íþróttamenn
- Aðrir fullorðnir einstaklingar
- Bæklingar
- Vefurinn t.d. www.tobak.is

Skrifaðu niður alla þá vitneskju sem þú aflar þér.

Taktu saman lista yfir dæmigerð áhrif. Notaðu A4 blað og skilaðu kennaranum á tilsettum tíma.

Ath. Að þessu sinni á ekki að fjalla um skaðsemi reykinga til langframa, svo sem krabba-mein, lungnaþembu og kransæðastíflu.

